

FUNDARGERÐ

Fundur nr. 53 í stjórn Herjólfshöf., haldinn 3. Júlí 2020 kl. 12:00

í fundarsal Hótelshöfna.

Mættir voru: Agnes Einarisdóttir, Aníta Jóhannsdóttir, Arndís Bára Ingimarsdóttir, Arnar Pétursson, Guðlaugur Friðþórsson, og Guðbjartur Ellert Jónsson framkvæmdastjóri. Birna Vídó Þórsdóttir og Páll Þór Guðmundsson sátu fund gegnum síma.

Til fundarins var boðað með tölvupósti. Engar athugasemdir bárust varðandi boðunina.

Á dagskrá fundarins var einn dagskrárliður:

1. Kjaramál -verkfallsboðun.

Framkvæmdastjóri fór yfir stöðuna sem upp er komin varðandi verkfallsboðun háseta og þerna á Herjólfshöfna. Allir starfsmenn Herjólfshöfna eru með gildan ráðningarsamning sem gerður var í upphafi síðasta árs. Félagið er einnig með gildandi kjarasamning við Sjómannafélagið Jötunn. Samtök atvinnulífsins fara með samningsumboð fyrir hönd félagsins. Málinu var stefnt fyrir Félagsdóm sl. þriðjudag og þingfest sama dag. Fyrirtaka í málinu var í gær, fimmtudaginn 2. júlí, og búið er að boða til dómsuppkvaðningar hjá Félagsdómi mánudaginn 6. júlí nk.

Stjórnin þakkar framkvæmdastjóra yfirferðina. Það er alvarlegt mál þegar boðað er til vinnustöðvunar á Herjólfshöfna. Hann gegnir lykilhlutverki í samgöngum milli lands og Vestmannaeyja og eru siglingar skipsins lífæð samfélagsins. Stjórnin felur framkvæmdastjóra að vinna málið áfram og lítur svo á, samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir, að boðaðar verkfallsaðgerðir séu ólöglegar.

Ekki annað rætt.

Fundi slitið kl. 13:00

Næsti stjórnarfundur er áætlaður 6. júlí 2020.

Fundargerð ritaði Agnes Einarisdóttir.